

Hákon Jensson

Fornleifaskráning fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Víkingavatni til Keldunes í Norðurþingi.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2023/2



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Langigarður á Grásíðu, mynd er tekin í norður.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2023/2

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	6
HEIMILDASKRÁ.....	7

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn um að annast fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Víkingavatni til Keldunes í Norðurþingi. Stór hluti framkvæmdasvæðisins er ýmist í sandi eða mýrlendi og í flestum tilvikum víðsfjarri bæjarstæðunum. Fornleifaskráning hafði farið fram á svæðinu árið 2008 en krafa var um að uppfæra þá skráningu miðað við núverandi skráningarreglur. Vettvangsskráningin fór fram í byrjun júní 2023. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum fyrir leiðsögn og góðar upplýsingar um svæðið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunnar Íslands: 3041

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnist engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Við undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga og niðurbalsgögn frá Landmælingum Íslands. Einnig var farið ítarlega í gegnum skýrslurnar „Fornleifaskráning í Kelduneshreppi.“⁸ Að lokum var svo farið í vettvangsrannsókn þar sem gengið var skipulega um svæðið og talað við heimamenn. Kortavinna var unnin í Microstation v8i með gervihnattamynd af kortavefsjá frá Landmælingum Íslands.

4. Fornleifar

Fornleifanúmer: 3041-01

Hnit: A597650.4 N623853.5 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Víkingavatns segir: „Austur og suðaustur frá Bæjarhólnum heitir Syðri-Vatnsvöllur... Sunnan við Vatnsvöllinn er niðurfallinn og uppgróinn hryggur, Járnhryggur kallaður, sem til forna hefir verið túngarður, en er nú í miðju túni... Vatnsvöllur takmarkast að vestan af götu, sem liggur frá Bæjarhól miðjum beint til suðurs að Kílakoti, en milli bæjanna er ca. 400 m leið.“⁹

Í fornleifaskráningunni frá 2008 þá segir að hluti af götunni hafi legið á svipuðum slóðum og heimreiðin að Víkingavatni II liggur nú. Til móts við núverandi íbúðarhús á Víkingavatni I. Þar suðurfrá hafi leiðin verið á svipuðum slóðum og vegarslóði í túni sem sé fast norðan við fjárhús Víkingavatns I og nær að landamerkjagirðingu á móti Kílakoti.¹⁰ Ekki sáust nein ummerki á staðnum.

Fornleifanúmer: 3041-02

Hnit: A598568.8 N623988.7 ISN93

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Víkingavatns segir: „Nokkurn spöl norðaustur af Grásíðu gengur hraunið lengst til norðurs, og endar þessi tangi í þverhníptu bjargi, er Holubjörg heita. Koma þar saman landamerki jarðanna Víkingavatns, Grásíðu og Garðs í Kelduhverfi. Undan Holubjörgum koma miklar uppsprettur, sem mynda dálitla bergvatnsá, sem kölluð er Kvíslin ... Rétt vestan við Holubjörg heitir Kvíslarvað, en annars má fara yfir Kvíslina hvar sem er. Nokkru neðar er Kvíslarhólmi.“¹¹

Samkvæmt heimildarmanni í eldri fornleifaskráningu þá var ekki vitað nákvæmlega hvar Kvíslavað er er talið líklegast að það hafi verið skammt vestur af Holubjargi, þar sem

⁷ Heimasíða Minjastofnunar.

⁸ Stefán et. al, 2008, bls. 9-516.

⁹ Örnefnaskrá, Víkingavatn, bls. 4.

¹⁰ Stefán et. al, 2008, fyrra bindi, bls. 180.

¹¹ Örnefnaskrá, Víkingavatn, bls. 8-9.

kvíslirnar tvær sameinast í eina og talsvert er um hólma í ánni. Aðstæður á staðnum og lýsingar í örnefnaskrá virðast passa nokkuð vel við þessa staðsetningu.¹²

Grásíða:

Fornleifanúmer: 3041-03

Hnit: A599266.5 N624181.7ISN93

Hlutverk: Áveitugarðar

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Grásíðu og Vogum segir: „Frá Vaði og norður að Kvísl lá svokallaður Langigarður. Hann var hlaðinn til að jafna vatnið á enginu,“¹³ Langigarður er fyrst sýnilegur um 180 m norð-austur af íbúðarhúsinu á Grásíðu, liggur hann um 50 m í norð-austur en beygir svo til norðurs og liggur þar í gegnum mýri lengd hans var um 470 m mældur á loftmynd og breidd um 1 m og hæð 0,2-0,3 m hann var allavega rofinn á tveimur stöðum.

Í örnefnaskrá Grásíðu og Voga segir einnig: „Vatn úr Gvendarbrunni og Kvígildisauga rann áður í Kvíslina, en síðan var hlaðinn garður fyrir þá vatnsrás og myndaði hún þá svonefndan Girðingarskurð, en Bleytuhraunið og mýrlendið þar norðaustur af, var afgirtur náttthagi, sem nefnd var Girðing. Girðingarskurður var norðurmörk Girðingar. Hann lá síðan niður að Odda og með honum (suðvestur) niður á Básatjörn. Við áðurnefnda Stíflu var vatni Girðingaskurðs hleypt í Kvíslina, að áveitu lokinni.“¹⁴ Girðingarskurður er garðlag sem liggur um 450 m frá stíflu suð-vestur að Básatjörn.

Töluvert var um garðlög á svæðinu en einungis voru þau garðlög teiknuð upp sem voru nærri framkvæmdasvæði Raríks. Vegna þess hve svæðið er mýrlent og erfitt yfirferðar voru flest þeirra teiknuð eftir loftmynd og eins og segir í fornleifaskráningunni frá 2008 þá voru þau víða klofin og sumstaðar einungis sýnileg sem gróðurfarsbreytingar.¹⁵ Samkvæmt heimildarmanni þá handgróf afi hans skurðina fyrir meira en 100 árum.¹⁶



Mynd 1. Langigarður á Grásíðu, mynd er tekin suður í átt að Grásíðu bæjunum.

¹² Stefán et. al, 2008, fyrra bindi, bls. 183.

¹³ Örnefnaskrá, Grásíða og Vogar, bls. 3.

¹⁴ Örnefnaskrá, Grásíða og Vogar, bls. 4-5.

¹⁵ Stefán et. al, 2008, fyrra bindi, bls. 236.

¹⁶ Munnleg heimild, Þórarinn Þórarinsson.



- Rafmagnsstrengur
- - - Fornleifar
- Heimildir um fornleifar

Nafn	Vikingavatn - Keldunes	Dags.	20.06.2023 hj	Skýringar:
	NORÐURÞING	Mælikv.	1:20000 í A3	
Fornleifar og heimildir um fornleifar á framkvæmdasvæði Rariks í Norðurþingi.				 BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
				Unnið eftir mynd nr. Myndkort, Ísland frá Landmælingar Íslands.

5. Samantekt

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði voru aðeins þrír minjastaðir skráðir, tveir sem heimildir en þriðji staðurinn svæði með umfangsmiklum garðlögum. Að einhverju leyti er hægt að hnika leið rafmagnsstrengsins fram hjá flestum garðlögunum það virðist samt vera óhjákvæmilegt að fara í gegnum garðlagið sem kallast Girðingarskurður.

Þrátt fyrir að lítið hafi fundist á vettvangi þá er mikilvægt að hafa í huga að það er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar finnist þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 3. júlí 2023.
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Stefán Ólafsson (ritsjóri). Höfundar efnis: Oddgeir Hansson, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir. (2008). Fornleifaskráning í Kelduneshreppi. Fyrri bindi. NP-001 Þórunnarsel – NP-016 Garður. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Stefán Ólafsson (ritsjóri). Höfundar efnis: Oddgeir Hansson, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir. (2008). Fornleifaskráning í Kelduneshreppi. Síðara bindi. NP-017 Stórárbakki – NP-027 Arnarnes. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Örnefnaskrár:

Grásíða og Vogar. Kelduneshreppur. Norður-Þingeyjarsýsla. Samlesið K.E. Örnefnastofnun. Skúli Skúlason skráði.

Víkingavatn. Kelduneshreppur. Norður-Þingeyjarsýsla. Björn Kristjánsson skráði. Samlesið J.H. Örnefnastofnun.

Heimildarmenn:

Aðalsteinn Örn Snæþórsson, 1968, Víkingavatn 1, Norðurþing.

Þórarinn Þórarinnsson, 1935. Kílakot, Norðurþing.